

## KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

115

16. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunnjörum Vér hér með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 9. þ. m., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign krónprins Christian *Frederik* Franz Michael Carl Valdemar Georg.

*Gjört í Esbjerg, 16. desember 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Ásgeir Ásgeirsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga,  
nr. 54 11. júlí 1911.

116

19. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Fyrir 12., 13. og 14. lið í 1. gr. laganna komi:

12. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og kakaódeigi kr. 1.00 af hverju kg.
13. a. Af kakaódufti 50 aura af hverju kg.  
b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og ómULDUM, 50 aura af hverju kg.  
c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómULDUM, 35 aura af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af: Brjóstsykri, konfekt, átsúkkuladi og sykrudum ávöxtum kr. 2,00 af hverju kg.